

Nd.

82. Frumvarp

til laga um undanþágu skóla og sjúkrahúsa frá afnotagjaldi til útvarps.

Flm.: Haraldur Guðmundsson.

1. gr.

Skólar, sjúkrahús og aðrar menningar- og mannúðarstofnanir, sem reknar eru fyrir almannafé, skulu undanþegnar greiðslu á afnotagjaldi því til útvarps, er greinir í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Í 6. gr. laga nr. 31, 7. maí 1928, um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, er svo fyrir mælt, að ríkisstjórnin skuli ákveða afnotagjald fyrir hvert viðtæki. Er þar ekki gert ráð fyrir, að nokkru sinni — hver sem í hlut á — sé veitt undanþága frá þessu gjaldi eða ívilnun á því. Á síðasta þingi var útvarpslögum breytt nokkuð, en þó í engu, er þetta atriði snertir. Mælir þó öll sanngirni með því, að skólar, sjúkrahús og aðrar slíkar stofnanir séu undanþegnar afnotagjaldinu, enda er það að taka úr öðrum vasanum og leggja í hinn, að skattleggja opinberar stofnanir til útvarpsins. Einstakar greinir frv. þurfa eigi skýringa.